

Þingflokksfundur Pírata

Miðvikudaginn 21. mars 2018, kl. 13:00 - 15:00

Nr. 41/148

Fundarstjóri	Eiríkur Rafn Rafnsson (ERR)
Fundarritari	Baldur Karl Magnússon (BKM)
Þingmenn	Björn Leví Gunnarsson (BLG) Halldóra Mogensen (HM) Helgi Hrafn Gunnarsson (HHG) Jón Þór Ólafsson (JPÓ) Álfheiður Eymarsdóttir (ÁE) Þórhildur Sunna Ævarsdóttir (ÞSÆ)
Forföll	Smári McCarthy (erlendis)
Aðrir fundargestir	Oktavía Hrund Jónsdóttir Sara Oskarsson Snæbjörn Brynjarsson

Fundargerð

1. Þingstörfin framundan

ÞSÆ hyggst ræða við utanríkisráðherra í óundirbúnum fyrirspurnum, HHG mun einnig óska að ræða við mennta- og menningarmálaráðherra. Í sérstakri umræðu um tollgæsluna mun HHG taka til máls, en ÁE og BLG munu taka þátt í sérstakri umræðu um móttöku skemmtiferðaskipa. Farið yfir dagskrá þingsins næstu daga. HHG mun taka til máls í sérstakri umræðu um smálán.

2. Bréf þingflokksformanns

Rætt um störf stjórnarandstöðunnar varðandi fjármálastefnu ríkisstjórnarinnar.

3. Bréf úr forsætisnefnd

Samþykkt að JPÓ verði meðflutningsmaður á þál. um breytingar á siðareglum þingmanna.

4. Meðhöndlun framsögu á málum annarra í nefndum

Umræða um starfshætti og forgangsröðun þegar nefndarmenn eru framsögumenn í málum annarra þingmanna Pírata, og hvernig ákvarðanir um það eru teknar. Meginreglan að ákveða afgreiðslu milli þingmanna, annars á þingflokksfundum.

5. Gott eða slæmt veður á Alþingi?

Dagskrárlið frestað.

6. Forgangsröðun í óundirbúnum fyrirspurnum

Umræða um leiðtogablæti við uppröðun mælendaskrár í óundirbúnum fyrirspurnum. ÞSÆ og JÞÓ munu ræða við forseta.

7. Siðareglur

Kynning á tilvonandi breytingum á siðareglum þingmanna.

8. Bríf úr nefndum

Þingmenn gerðu grein fyrir störfum sínum í fastanefndum.

9. Meðferð beiðna um stuðningsfirlýsingar frá frambjóðendum í prófkjöri

Rætt um viðbrögð þingmanna við beiðnum um stuðningsfirlýsingar í prófkjöri. Umræða, ekki ástæða til samræmra viðbragða þingflokks.

10. Cambridge Analytica

Rætt um aðgerðir og möguleg þingmál vegna Cambridge Analytica, HHG ábyrgðarmaður.

11. Reikningur vegna starfa ráðgjafa þingflokks

Greiðsla samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Ákveðið að ræða frekar um ráðgjafastörf fyrir þingflokk á næsta vinnufundi.

12. Önnur mál

- *Vinnufundur*

Ákveðið að halda þingflokksfund nk. mánudag þar sem starfsfólki flokksins er boðið. Áheyrnarfulltrúar aðildarfélaga hvattir sérstaklega til að mæta.